



Damian Krawczuk heiti ég og ákvað að gefa kost á mér til setu í varatjörn HRFÍ. Ég rækta Papillon hunda, á einnig Maltese og Franskan Bulldog, svo að mestu tilheyrir ég grúbbum 9, en er þó sitt og hvað að fylgjast með öllum grúbbum og deildum. Ég vinn sem stuðningsfulltrúi og félagsliði hjá Dagjónustu Fatlaðra og aukalega á sambylí/íbúðarkjarna. Þar er ég vanur fjölbreyttu starfi, réttindabaráttum og trúnaðarstörfum fyrir okkar menn. Mér finnst gríðarlega gefandi að horfa uppá árangur sem við náum dags daglega, og því sama vil ég vinna og efla félagið okkar áfram og sjá árangur í því sem við viljum bæta. Ég er sitjandi stjórnarmaður í ræktunardeild í félaginu, Papillon & Phalene deildinni.

Ég ólst upp með hundum og hef umgengist hunda frá því að ég man eftir mér, fyrsti hundurinn minn var af tegundinni Þýskur Fjárhundur, en við fjölskyldan fengum hann þegar ég var tveggja ára og þá bjó ég ennþá í Póllandi.

Undanfarin ár hef ég verið virkur í þeim viðburðum félagsins, sem ég hef getið tekið þátt í. Ég er mjög virkur hvað varðar sýningar félagsins bæði sem sýnandi og hef ég einnig hjálpað við uppsetningar og niðurtökur.

### **Hvað vil ég gera í starfi mínu sem stjórnarmaður HRFÍ:**

Eftirfarandi er það sem ég vil koma aftur af stað í félaginu og einnig bæta:

\*Eins og margir hafa tekið eftir, undanfarna mánuði eða ár, hafa margar tíkur verið að falla frá eftir keisara skurði vegna blóðtappa, hvolparnir móðurlausir og erfitt að finna fósturmæður oft. Þetta er eitthvað sem allir félagsmenn hafa áhuga á að læra, og flestum langar að fá útskýringar á þessum málum og hvernig er hægt að koma í veg fyrir, eins með kalkskort í tíkum.

\*Bæði reyndir og óreyndir ræktendur, ættu að geta sótt námskeið eða kynningu um ræktun, hvort sem í samstarfi við dýralækni eða mjög reynda ræktendur bæði hér eða utan frá, þar sem farið er í helstu atriðin hvað varðar fæðingar, kalkskort eða næringarefnin.

\*Kynningar og fræðslufundir um tannhirðu og klóaklippingar. Gott væri að fá vel menntaðan dýralækni til samstarfs með okkur. Þetta er eitthvað sem allir þurfa á að halda og mun nýtast nýjum félagsmönnum mjög vel, það mætti jafnvel útbúa bækling og láta fylgja ættbókum fyrir nýja hvolpakaupendur.

\*Taka umræðu um lausagöngu hunda og hundaskítsmálin. Þá umræðu þarf að taka reglulega.

\*Fræðsla og kynning fyrir almenning, kynna félagið okkar betur. Þess má geta að í tengslanetinu er ég með vini sem starfa á fjölmiðlum og því hæg heimatökin að kynna félagið og viðburði þess þar.

\*Kynna fyrir almenningi og félagsmönnum til hvers prófin eru, sýningar og hundafimi.

\*Fara með bæklinga eða kynningarblöð á dýraspítala/miðstöðvar, í gæludýraverslanir og snyrtistofur þar sem félagið er kynnt og viðburðir næsta árs. Það eru ekki allir sem skoða netið, heimasíðuna okkar og facebooksíðu.

\*Taka aftur upp heimsóknir í leikskóla. Í þær hefur verið farið áður með frábæra bæklinga og flottan árangur, þar sem born þurfa jú að læra að umgangast hunda sem allra fyrst.

\*Koma aftur með diskinn sem fylgdi ættbókunum fyrir hvolpakaupendur, það voru mjög margir ángæðir með þetta og hefur hjálpað gríðarlega.

\*Vinna í innflutningsmálum.

\*Bæta samskipti við MAST.

\*Virkja þær deildir félagsins, sem ekki eru nógu virkar, í stað að leggja þær niður.

\*Það er auðvitað margt fleira sem þarf að bæta í félaginu og koma ákveðnum hlutum af stað. Suma þeirra er auðveldara að framkvæma en aðra, en það gerist ekkert ef að það er bara talað um hlutina.

Að lokum vil ég taka fram að ég mun gera allt sem ég get til að koma félaginu á framfæri og kynna það með stolti. Ég vona að ég fái tækifæri á að sitja í stjórn Hundaræktarfélagsins Íslands og vinna að hagsmunamálum félagsins.